



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Heimildaritun

ÍSLE3HE05

Kennsluáætlun vorönn 2019

Kennarar

Gísli Skúlason (GK)

Katrín Tryggvadóttir (KT)

Stefán Hannesson (SH)

Áfangalýsing

Áhersla er lögð á að nemendur læri og þjálfist í vinnubrögðum sem tengjast heimildavinnu. Unnin verða fjölbreytt og krefjandi ritunarverkefni og lesnir margs konar textar sem tengjast heimildavinnu. Nemendur verða einnig þjálfaðir í umræðum. Stærsta verkefnið er heimildaritgerð og vörn fyrir hana.

Nemendur skulu **ávallt mæta með tölvu** í kennslustundir.

Markmið áfangans

Þekking

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Helstu hugtökum sem tengjast heimildavinnu, s.s. beinni og óbeinni tilvitnun, tilvísun og heimildaskrá.
- Muninum á staðreyndum og ályktunum.
- Muninum á talmáli og ritmáli.
- Muninum á heimildanotkun og ritstuldi.
- Hvaða málsnið hæfir mismunandi efni og aðstæðum.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skrifa skýran og vel uppbyggðan texta.
- Beita gagnrýninni hugsun við úrvinnslu heimilda.
- Velja stílbrögð sem hæfa efninu.
- Velja og nýta á gagnrýninn hátt þær upplýsingar sem skipta máli í heimildaritun.
- Vega og meta áreiðanleika heimilda.
- Fllytja af öryggi og sannfæringarkrafti eigið efni.
- Meta mismunandi sjónarmið og taka sjálfstæða, rökstudda afstöðu.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skrifa skýran, vel uppbyggðan og grípandi texta.
- Velja viðeigandi ritstíl eftir viðtakendum og aðstæðum.
- Greina forsendur sem geta búið að baki einstökum ályktunum.
- Tjá rökstudda afstöðu, útskýra sjónarmið og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum.
- Draga saman aðalatriði úr heimildum þannig að rétt sé með farið í hvívetna.
- Beita gagnrýninni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu krefjandi texta.
- Leiða umfjöllun um viðfangsefni til vel rökstuddrar niðurstöðu.
- Ástunda viðurkennd vinnubrögð í rannsóknarvinnu.

Námsefni

Efni frá kennara, sjá Innu.

Námsmat

Áfanginn er án lokaprófs. Allmörg verkefni verða metin til einkunna, auk þess sem ýmis smærri verkefni verða lögð fyrir til að styrkja námið.

Varla þarf að taka fram að nemendur eiga að **skila öllum verkefnum á tilsettum tíma.**

Vægi einstakra námsþátta

15% Æfingaverkefni.

25% Hverjum þætti heimildaritgerðar skilað.

40% Heimildaritgerð, lokagerð.

20% Vörn heimildaritgerðar.

HEIMILDARITUN – VINNUÁÆTLUN VORÖNN 2019

Vika	Dags.	Verkefnavinna
2	7. – 11. jan.	Upprifjun um byggingu efnisgreina og ritgerða. Tímaritgerð skrifuð.
3	14. – 18. jan.	Rannsóknarspurningar og tesur. Ritgerðir í Skemmu skoðaðar, verkefni.
4	21. – 25. jan.	Heimildaleit og tilvísanir. Skráning heimilda í heimildaskrá.
5	28.jan – 1.feb.	Ritgerðarefni valið og rannsóknarspurning samin. Drögum að inngangi skilað.
6	4. – 8. feb.	Heimildaleit fyrir lokaritgerð. Skila lista yfir 8 – 10 áreiðanlegar heimildir til að nota í ritgerðinni.
7	11. – 15. feb.	Bygging heimildaritgerðar. Unnið í skipulagi ritgerðar (beinagrind).
8	18. – 22. feb.	Ritgerðarvinna; skipulag, lykilsetningar og kaflar. Beinagrind skilað. Kátir dagar og Flóafár 20.-22. feb.
9	25.feb. – 1. mars	Meginmál ritgerðar samið (tesa). Miðannarmat.
10	4. – 8. mars	Annar hluti meginmáls saminn (antitesa).
11	11. – 15. mars	Meginmáli skilað (tesu, antitesu og syntesu).
12	18. – 22. mars	Uppkasti að ritgerð skilað. Ritstjórnarvinna og endurbætur.
13	25. – 29. mars	Lokagerð heimildaritgerðar skilað til einkunnar 27. mars (40%). Vörn undirbúin.
14	1. – 5. apríl	Varnir fluttar (20%)
15	8. – 12. apríl	Varnir fluttar. Ritgerðum skilað til nemenda sem breyta og bæta.
16	15. – 19. apríl	PÁSKAFRÍ
17	24./ 26. apríl	Ritgerðir endurbættar.
18	29. apríl – 3. maí	Ritgerðir endurbættar. Viðtöl.
19	6. – 10. maí	Viðtöl og uppsóp.

Kennsluáætlun gerð með fyrirvara um breytingar

Með von um gott samstarf.

4. janúar 2019,

Gísli Skúlason, Katrín Tryggvadóttir, Stefán Hannesson.